

**10. gr.**

Innheimtum meðlögum samkvæmt kröfum Tryggingastofnunar ríkisins skal skilað mánaðarlega eftir á, þó eigi síðar en 3. næsta mánaðar.

Vextir, sem til falla af innheimtufé, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði við Innheimtustofnunina.

**11. gr.**

Fullnaðarskil á lögmaetum meðlagskröfum Tryggingastofnunar ríkisins sbr. 1. gr. fyrir næstliðið almanaksár, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga hafa innt af hendi fyrir 1. október ár hvert, í fyrsta skipti fyrir 1. október 1973. Heimilt er að verja öllum innheimtum meðlögum, sem innheimzt hafa, til lúkningar fullnaðarskila samkvæmt grein þessari.

**12. gr.**

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmaeltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, eða lögum.

Fyrir innheimtu þá, sem um ræðir í þessari grein, ber Innheimtustofnuninni þóknun, sem vera skal 10% af fé því, sem hún innheimtir.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54 6. apríl 1971, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. júní 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

**REGLUGERÐ****um Tækniskóla Íslands.****1. gr.****Hlutverk skólans.**

Hlutverk og meginmarkmið Tækniskóla Íslands skal vera að veita nemendum bæði tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Skal jafnan tekið mið af þróun tæknimenntunar meðal nágrannaþjóða.

Skólinn veitir þá menntun, sem krafizt er, til þess að menn hafi rétt til að kalla sig tækna og tæknifræðinga, sbr. 10. gr.

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

**2. gr.****Skólastjóri, kennarar og stjórnun skólans.**

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Menntamálaráðherra skipar skólastjóra, er ber starfsheitið rektor, svo og kennara, skólanefnd og kennslunefnd.

Rektor hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum innan hans og utan. Hann annast daglegan rekstur skólans og ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við lög, reglugerð og námsskrár. Hann er ábyrgur um samskipti við yfirvöld skólans og aðra opinbera aðila, þ. á. m. um fjárreiður og reikningshald, svo og skipulag og áætlanagerð vegna reksturs og framkvæmda í skólanum. Hann hefur yfirumsjón með eignum skólans, lausum og föstun. Rektor tekur ákvarðanir í málum, er varða stjórnun skólans, ef þau eru ekki falin öðrum aðilum í lögum eða reglugerð.

Rektor ræður, með samþykki ráðuneytisins, starfsfólk skólans annað en fast-ráðna kennara. Rektor og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins.

Um störf fastráðinna kennara við skólann, svo og annarra starfsmanna hans, kennsluskyldu og launakjör, skulu gilda ákvæði kjarasamninga á hverjum tíma. Um laun rektors skulu einnig gilda ákvæði kjarasamninga eins og þau eru á hverjum tíma.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa tækniprófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Ráðherra setur rektor og kennurum erindisbréf.

Nú er tilskilinn vinnustundafjöldi kennara við einhverja tæknifræðideild skólans, samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga, ekki fyrir hendi, og er honum þá skylt að kenna eða starfa í öðrum deildum skólans, svo að vinnuskyldu hans verði fullnægt að mati kennslunefndar.

Heimilt er að ráða aðstoðarmenn við kennslu.

Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við rektor og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra nauðsynlegra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Rektor er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins, að ráða deildarstjóra til allt að fjögurra ára í senn, úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar, við hverja sérgreinadeild skólans, svo og við undirbúnings- og raungreinadeild sameiginlega. Um hlutverk og störf deildarstjóra er mælt í 6. gr.

### 3. gr.

#### Kennslunefnd.

Í kennslunefnd eiga sæti rektor skólans, einn fulltrúi tilnefndur af menntamálaráðuneyti og einn fulltrúi tilnefndur af kennurum skólans. Skipta má um þann fulltrúa eftir þeim viðfangsefnum, sem um er fjallað. Kennslunefnd skal meta vinnu kennara við kennslu og önnur störf í þágu skólans til vinnustunda, að fenginni umsögn flokka eða deilda.

### 4. gr.

#### Skólastjórn.

Við skólann starfar skólastjórn. Í henni eiga sæti rektor, sem er formaður, fastráðnir kennarar og einn fulltrúi nemenda fyrir hverja þrjá aðra skólastjórnarmenn. Skólastjórn er rektor til ráðuneytis um starfsemi skólans. Rektor kveður skólastjórn til fundar eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári. Til fundar skal boða með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal rektor boða til fundar, ef þriðjungur skólastjórnarmanna æskir þess. Rektor er í forsæti á fundum skólastjórnar en fulltrúi ritari. Ályktun skólastjórnar er því aðeins gild, að  $\frac{2}{3}$  hlutar atkvæðis-

bærra manna sæki fund. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr. Rísi ágreiningur milli rektors og meirihluta skólastjórnar geta aðilar leitað úrskurðar menntamálaráðherra.

### 5. gr.

#### Skólanefnd.

Við skólann starfar 5 manna skólanefnd, skipuð af menntamálaráðuneytinu til fjögurra ára í senn. Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Tæknifræðingafélag Íslands tilnefna hvert um sig einn mann í nefndina og annan til vara, en ráðuneytið skipar formann og varaformann nefndarinnar án tilnefningar. Rektor situr fundi skólanefndar.

Hlutverk skólanefndar er að vera rektor til ráðuneytis um mikilvæg atriði varðandi stjórn skólans, fylgjast með erlendri reynslu og þróun á sviði tæknimenntunar, gera tillögur um stefnumörkun í málefnum skólans, stuðla að sem nánustum tengslum hans við atvinnulífið og loks að gera tillögur um breytingar á reglugerð skólans.

Formaður skal kveðja skólanefnd til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári með þriggja daga fyrirvara. Auk þess skal skólanefnd sitja minnst einn fund á ári með skólastjórn. Formaður skal einnig boða til fundar í nefndinni ef 2 nefndarmenn æskja þess. Ályktun fundar er því aðeins gild, að 4 nefndarmenn eða varamenn þeirra sæki fund.

Áður en námsáfangi hefst, leggur rektor skrá um námsefni hans fyrir skólanefnd, sem gengur úr skugga um, að það sé í samræmi við almenna þróun á sviði tæknimenntunar. Skólanefnd skal stuðla að nánnum tengslum tækniskólans við skóla á iðnfræðslustigi og beita sér fyrir samræmingu náms og starfs þessara skóla.

### 6. gr.

#### Deildarstjórn.

Auk deildarstjóra, sem heimilt er að skipa við deildir skólans, sbr. 2. gr., skal heimilt að stofna deildarstjórn við hverja deild, er sé deildarstjóra til ráðuneytis. Í deildarstjórn eiga sæti allir flokksstjórnar deildarinnar og einn fulltrúi nemenda. Deildarstjóri hefur á hendi faglega stjórnun deildar. Hann er formaður á fundum deildarstjórnar og á sæti í skólastjórn. Deildarstjórn vinnur að samræmingu náms-efnis og kennslu, fjallar um nýjar aðferðir og kennslugögn, námsferðir nemenda, kaup á tímaritum, handbókum og kennslutækjum og þátttöku kennara í sérhæfingarnámskeiðum. Deildarstjóri sér um gerð stundaskrár og próftöflu, gerir skrá um námsbækur, handbækur og önnur kennslugögn og hefur eftirlit með útvegun þeirra. Hann skráir úrlausnir og námsvinnu nemenda og fylgist með fjarvistaskrá þeirra. Hann hefur á hendi samræmingu og endurskoðun námsefnis í deild sinni og gerð námsskrár, sbr. ákvæði 5. gr. um skrá um námsefni, og leggur drög að fjárhagsáætlun deildar sinnar fyrir rektor.

Deildarstjóri undirbúnings- og raungreinadeildar hefur einnig faglega umsjón með öðrum slíkum deildum utan Reykjavíkur.

Deildarstjóri gerir rektor grein fyrir samþykktum deildarstjórnar og leitar samþykkis hans, eftir því sem við á.

### 7. gr.

#### Flokksstjórn.

Heimilt er deildarstjórn að mynda flokk úr hópi þeirra kennara, sem kenna skyldar námsgreinar. Flokksfundir fjalla um námsefni og aðferðir og samræmingu allrar kennslu í viðkomandi flokki. Flokksstjóri er formaður kennara í hverjum flokki. Rektor felur kennara að annast starf flokksstjóra, að fengnu samþykki

deildarstjóra. Flokksstjóri boðar flokksfund með tveggja daga fyrirvara, eigi sjaldnar en einu sinni í kennslumánuði. Hann stjórnar flokksfund og skráir ályktanir hans, gengur frá tillögum til deildarstjóra um námsefni og aðferðir, hefur umsjón með samningu prófverkefna og afhendir þau deildarstjóra, eftir að prófdómari hefur samþykkt þau. Skytt er kennurum að sækja eðlilega boðaðan flokksfund. Deildarstjóri situr og hefur atkvæðisrétt á flokksfundum.

Í undirbúnings- og raungreinadeild er aðeins einn flokksstjóri í hverri námsgrein, þótt kennsla fari fram á fleiri stöðum á landinu. Flokksstjóri heldur eftir þörfum flokksfundu við aðra skóla, sem þessa menntun annast, en sinn eigin.

#### 8. gr.

##### Kennsluár.

Kennsluár skólans skiptist í haustönn, sem er frá 1. september til 15. janúar, og vorönn frá 16. janúar til 31. maí. Jólaleyfi er frá 21. desember til 3. janúar. Á hverju námsári er 30 vikum varið til kennslu og 4 vikum til prófa. Auk þess eru haustpróf og úrbótapróf haldin í síðustu viku ágústmánaðar. Sumartími, frá 1. júní til 31. ágúst, er ætlaður til verklegrar þjálfunar í samráði við einstakar deildir skólans. Heimilt er skólanum að efna til verklegra æfinga, viðbótarnámskeiða og upprifjunarnámskeiða á þessu tímabili.

Hver kennslustund er 45 mínútur og fjöldi kennslu- og æfingastunda ekki yfir 40 á viku.

Rektor setur nánari reglur um skiptingu kennsluársins í kennsluvikur og prófvikur að fengnu samþykki skólastjórnar.

#### 9. gr.

##### Deildaskipan.

##### Undirbúningsdeildir.

Undirbúningsdeild er starfrækt í Reykjavík og á Akureyri. Heimilt er að starfrækja undirbúningsdeild á Ísafirði og á öðrum stöðum, þar sem slíkt þykir henta.

##### Raungreinadeildir.

Raungreinadeild er starfrækt í Reykjavík og á Akureyri. Einnig er heimilt að starfrækja raungreinadeild á Ísafirði.

##### Tæknadeildir.

Starfræktar skulu, eftir því sem aðsókn gefur tilefni til og fjárveitingar heimila, raftæknadeild, véltæknadeild, byggingatæknadeild og meinatæknadeild. Að fenginni heimild ráðuneytisins getur skólinn starfrækt fleiri deildir fyrir tækna, svo sem útgerðartæknadeild og fleiri sérdeildir, ef henta þykir.

##### Tæknifræðideildir.

Starfræktar eru eftirfarandi tæknifræðideildir: bygginga-, rafmagns-, véla-, skipa- og rekstursdeild. Að fenginni heimild ráðuneytis getur skólinn starfrækt efnatæknifræðideild og fleiri tæknifræðideildir, ef henta þykir.

#### 10. gr.

##### Menntun og réttindi.

##### Almenn undirbúningsmenntun.

Undirbúningsdeild tekur 1 námsár, og raungreinadeild tekur einnig 1 námsár. Þessum deildum er ætlað að veita almenna undirbúningsmenntun undir tækni-

legt nám. Raungreinadeild lýkur með raungreinadeildarprófi. Sérstök raungreina-  
deild fyrir tækna, sem tekur  $\frac{1}{2}$  námsár, veitir þeim almenna framhaldsmenntun  
og lýkur með raungreinaprófi.

#### **Tæknamenntun.**

Tæknadeildir veita þá menntun, sem krafizt er, til þess að menn hafi rétt til  
að kalla sig tækna. Tæknamenntun er veitt á  $1\frac{1}{2}$  ári í viðeigandi tæknadeild, að  
loknu prófi úr undirbúningsdeild.

Meinatæknimenntun er veitt á 2 árum að loknu stúdentsprófi, þar af 8 mán-  
uði við skólann og 15 mánuði á rannsóknastofum heilbrigðisstofnana, samkvæmt  
sérstakri reglugerð.

#### **Tæknifræðimenntun.**

Tæknifræðideildir veita þá menntun, sem krafizt er til þess að menn hafi rétt  
til að kalla sig tæknifræðinga. Kennsla í tæknifræði er veitt á 3 árum að loknu  
prófi frá raungreinadeild. Að henni lokinni er unnið að valgreinaverkefni, og skal  
því lokið á sama ári. Nám í rafmagns-, véla-, skipa- og reksturstæknifræði hefst  
með fyrsta námsári í tilsvarendi deildum skólans, en síðari námsárum er lokið  
erlendis, meðan það þykir henta.

#### **Eftirmenntun.**

Að fenginni heimild menntamálaráðuneytisins getur skólinn efnt til nám-  
skeiða til endurmenntunar og kynningar á tæknilegum nýjungum.

Skólinn getur heimilað óreglulegum nemanda að sækja kennslu í einstökum  
greinum, eða ganga undir próf í þeim.

### **11. gr.**

#### **Innritun nemenda.**

Innritun nemenda er í höndum rektors skólans og forstöðumanna kennslu í  
undirbúnings- og raungreinadeildum utan Reykjavíkur.

Skólinn skal auglýsa innritun með minnst þriggja vikna umsóknarfresti, og  
í auglýsingunni skal getið um þau gögn, sem umsókn um innritun eiga að fylgja.  
Sækja skal um innritun í skólann á þar til gerðum eyðublöðum.

### **12. gr.**

#### **Inntökuskilyrði.**

Inntökuskilyrði eru bæði verkleg og bókleg.

#### **Verkskólun og verkleg þjálfun.**

Inngöngu í deildir skólans má veita þeim umsækjendum sem

- a) staðizt hafa sveinspróf í viðeigandi iðngrein;
- b) hlotið hafa verkskólun og/eða verklega þjálfun, sem að mati viðkomandi  
sveinsprófsnefndar á stað skólans felur í sér jafngilda þekkingu á vinnubrögðum  
um og veitt er í skylduiðnámi. Með jafngildri þekkingu á vinnubrögðum er  
átt við, að umsækjandi hafi með raunhæfu starfi fengið reynslu, sem spannar  
alla höfuðþætti tilsvarendi iðnnáms, þótt hann hafi ekki að öllu leyti náð  
þeirri starfsleikni og bóklegri fagþekkingu, sem krafizt er til sveinsprófs.  
Heimilt er sveinsprófsnefnd að láta umsækjendur þreyta sérstakt próf, sem  
sker úr um verkunnáttu þeirra;

c) ef nám í einhverri tækna- eða tæknifræðideild á sér ekki grundvöll í neinni hliðstæðri iðngrein, setur skólanefnd ákvæði um verkskólun eða verklega þjálfun fyrir þá deild.

Engum má veita skólavist í tækna- eða tæknifræðideildum, nema hann fullnægi ákvæðum stafliða a), b) eða c) um verkskólun og verklega þjálfun.

Áður en nemandi er brautskráður úr tæknadeild eða tæknifræðideild, getur skólanefnd krafizt þess, að nemandinn ljúki sveinsprófi í tiltekinni iðngrein, eða afli sér ákveðinnar viðbótarstarfsreynslu, ef fyrri verkmenntun hans telst ekki að öllu leyti viðeigandi.

Rektor getur, að fengnu samþykki skólanefndar, heimilað nemanda, er stefnir að framhaldsnámi, sem ekki á sér viðeigandi grundvöll í iðnfræðslu, skólavist í undirbúnings- og raungreinadeild, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum stafliða a) eða b) hér að framan.

### Bókleg undirbúningsmenntun.

**Undirbúningsdeild.** Inngöngu í undirbúningsdeild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa sveinspróf, gagnfræðapróf eða landspróf miðskóla, eða lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í deildinni.

**Raungreinadeild.** Inngöngu í raungreinadeild má veita þeim nemendum, sem staðizt hafa lokapróf undirbúningsdeildar. Enn fremur geta fengið inngöngu í raungreinadeild þeir, er lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir nám í raungreinadeild.

**Tæknadeildir.** Inngöngu í tæknadeild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa lokapróf undirbúningsdeildar. Enn fremur geta fengið inngöngu í tæknadeild þeir, er lokið hafa öðru námi, sem að dómi skólastjórnar telst nægur undirbúningur undir tæknánám.

**Raungreinadeild fyrir tækna.** Inngöngu í raungreinadeild fyrir tækna má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa tæknapróf samkvæmt þessari reglugerð.

**Tæknifræðideildir.** Inngöngu í tæknifræðideild má veita þeim umsækjendum, sem staðizt hafa raungreinadeildarpróf. Enn fremur geta fengið inngöngu þeir, sem staðizt hafa stúdentspróf eðlisfræðakjörsviðs menntaskóla eða á annan hátt hlotið næga undirbúningsmenntun að mati skólastjórnar. Heimilt er skólastjórn að setja til inngöngu ákvæði um lágmarkseinkunn á stúdentsprófi menntaskóla í einstökum greinum eða greinaflokkum.

### 13. gr.

#### Námsefni.

Markmið kennslunnar er að þroska með nemendum eiginleika, sem hafa gildi fyrir velferð þeirra sjálfra og þjóðfélagsins í heild.

Skólanefnd er ráðgefandi um val námsefnis, sem miða skal við innlendar þarfir og almenna þróun.

Í undirbúnings- og raungreinadeild er aðalmarkmið að veita haldgóða almenna undirbúningsmenntun í huggreinum og raungreinum. Tilgangurinn með þeirri kennslu er að gera nemendum fært að stunda framhaldsnám, einkum ætlað væntanlegum tæknum, tæknifræðingum og verkfræðingum eða tæknihagfræðingum. Auk þess er tilgangurinn með kennslunni að auka nemendum viðsýni og búa þá undir að bregðast skynsamlega við nýjungum í sibreytilegu þjóðfélagi.

Í tæknadeildum og tæknifræðideildum skal leggja höfuðáherzlu á að þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum, að tengja saman verklega þekkingu og fræðilega, að meta tæknivandamál frá hagrænu sjónarmiði og vistfræðilegu og gera þá hæfa til skapandi starfa. Í tæknifræðideildum er sérhæfða námið að því marki fræðilegra en í tæknideildum, sem byggt er á meiri undirbúningsmenntun.

Um námsferni fer á hverjum tíma eftir námsskrá viðkomandi deildar. Við upphaf námsáfanga gefur skólinn út kennsluskrá, sem tilgreinir kennslugreinar og námsferni, skiptingu kennslunnar í fyrirlestra og æfingar o. fl. viðeigandi upplýsingar.

**Huggreinar** skal kenna í undirbúningsdeild, raungreinadeild og tæknadeildum.

Í íslenzku skal megináherzla lögð á að þjálfar nemendur í að nota móðurmálið, bæði talað og ritað, á nákvæman og áhrifaríkan hátt.

Í erlendu málunum, dönsku (eða öðru Norðurlandamáli) og ensku skal á lokaþrófi raungreinadeildar (raungreinadeildarþrófi) við það miðað, að nemendur hafi náð kunnáttu og leikni áþekkri þeirri, sem krafizt er til stúdentsprófs á eðlisfræðakjörsviði menntaskóla.

Skólinn veitir kennslu í þýzku (eða öðru þriðja erlendu tungumáli), ef henta þýkir.

Kennd er menningarsaga eða a. m. k. ein huggrein, önnur en tungumál.

**Raungreinar** skal kenna í undirbúningsdeild, raungreinadeild, tæknadeildum og tæknifræðideildum.

Í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði skal á lokaþrófi raungreinadeildar (raungreinadeildarþrófi) við það miðað, að nemendur hafi náð kunnáttu og leikni áþekkri þeirri, sem krafizt er til stúdentsprófs á eðlisfræðakjörsviði menntaskóla.

**Tæknigreinar** skal kenna eftir markmiði í tæknadeildum og tæknifræðideildum. Við kennslu þessara greina skal leggja áherzlu á tengsl starfa tæknimenntaðra manna við störf sérfræðinga á öðrum, svo sem lögfræði, hagfræði, þjóðfélagsfræði, vistfræði og listum.

#### 14. gr.

##### Próf.

Rektor setur reglur um framkvæmd prófa og hefur yfirumsjón með þeim. Deildarstjóri sér um próf í viðkomandi deild með aðstoð flokksstjóra. Kennari semur prófverkefni í kennslugrein sinni í samráði við flokksstjóra og prófdómara, sem menntamálaráðuneytið skipar.

Rektor getur ákveðið, að á áfangaprófum skuli samtímis notuð sömu prófverkefni við allar undirbúnings- og raungreinadeildir tækniskóla á landinu. Þessi prófverkefni semja kennarar í félagi og að frumkvæði flokksstjóra.

Prófdómarar á þessum prófum geta verið fleiri en einn. Ef svo er, þá skal flokksstjóri sérstaklega gæta samræmingar á mati og einkunnagjöf.

##### Próftími.

Í undirbúningsdeild, raungreinadeild og í tæknadeildum er kennsluárinu skipt í tvo námsáfanga. Haustönn lýkur með miðsvetrarþrófi og vorönn með vorþrófi. Þó má starfrækja raungreinadeild sem einn námsáfanga.

Í öðrum deildum skólans svarar heilt kennsluár til hvers námsáfanga, sem lýkur með vorþrófi. Halda má próf á öðrum árstímum vegna sérstakra aðstæðna, sem skólastjórn metur gildar.

**Þátttaka.**

Skráður nemandi, sem stundað hefur námið samkvæmt gildandi námsskrá og lokið hefur tilskildum fyrri prófum og sýnt fullnægjandi ástundun að dómi skólastjórnar, á rétt til að ganga undir próf. Skólastjórn getur leyft utanskólanemanda þátttöku í prófi.

**Tilhögun.**

Halda skal a. m. k. eitt próf í hverri kennslugrein á námsáfangi. Heimilt er þó að gefa einkunn að nokkru eða öllu leyti fyrir námsvinnu í stað prófs. Prófin eru munnleg og/eða skrifleg.

**Prófbók.**

Halda skal prófbók og skrá í hana allar einkunnir hvers námsáfanga.

Kennarar og prófdómarar staðfesta réttar innfærslur einkunna með undirskrift sinni.

Þeir skólar utan Reykjavíkur, sem starfrækja undirbúnings- og raungreina-deild tækniskóla, skulu á hverjum tíma senda Tækniskóla Íslands í Reykjavík yfirlit um lyktir prófa í þessum deildum.

**15. gr.****Einkunnakerfi.**

Einkunnir skal gefa í heilum tölum frá 0 til 10. Lægsta einkunn er 0 og hæsta einkunn er 10. Stiginn er línulegur.

Kennari og prófdómari ráða einkunn að jöfnu.

Meðaltal einkunna skal reikna með einum tugabrotsstaf. Nota má vogtölur á einkunnir, ef fjöldi kennslustunda eða vinnustunda að baki prófa er mismunandi.

**16. gr.****Einkunnakröfur.**

Til að standast próf gilda eftirtaldar einkunnir sem lágmark:

**Undirbúningsdeild.**

A. sem undirbúningur að tæknifræðinámi:

**Miðsvetrarpróf.**

|                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....     | 5.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna ..... | 5.0 |

**Vorpróf.**

|                                     |     |
|-------------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....       | 6.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna .....   | 6.0 |
| Einstakar raungreinaeinkunnir ..... | 3   |

B. sem undirbúningur að tæknanámi:

**Miðsvetrarpróf.**

|                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....     | 5.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna ..... | 5.0 |

**Vorpróf.**

|                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....     | 5.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna ..... | 5.0 |

**Raungreinadeild.****Miðsvetrarpróf.**

|                                   |     |
|-----------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....     | 5.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna ..... | 5.0 |

**Raungreinadeildarpróf.**

|                                     |     |
|-------------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna .....       | 6.0 |
| Meðaltal raungreinaeinkunna .....   | 6.0 |
| Einstakar raungreinaeinkunnir ..... | 3   |

**Meinataeknadeild.****Miðsvetrarpróf.**

|                           |   |
|---------------------------|---|
| Einstakar einkunnir ..... | 3 |
|---------------------------|---|

**Fyrrihlutapróf (vorpróf að viðbættum hluta af miðsvetrarprófum)**

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna ..... | 5.0 |
| Einstakar einkunnir .....     | 3   |

**Síðarihlutapróf (haldið í lok verklega námsins)**

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna ..... | 5.0 |
| Einstakar einkunnir .....     | 3   |

**Tæknadeildir (3 námsáfangar, ½ ár hver).****1. hluti.**

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna ..... | 5.0 |
| Einstakar einkunnir .....     | 3.0 |

**2. og 3. hluti.**

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna ..... | 6.0 |
| Einstakar einkunnir .....     | 3.0 |

**Tæknifræðideildir (3 námsáfangar, 1 ár hver).****1., 2. og 3. hluti, hver fyrir sig:**

|                               |     |
|-------------------------------|-----|
| Meðaltal allra einkunna ..... | 6.0 |
| Einstakar einkunnir .....     | 4.0 |

**17. gr.****Endurtekningarpróf.**

Eigi má nemandi þreyta próf hvers námsáfanga oftár en tvisvar. Menntamálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði, að fengnum meðmælum skólastjórnar.

Endurtekningarpróf í einni eða fleiri greinum er nemandi heimilt að taka einu sinni við hvern námsáfanga. Þessi próf fara fram á reglulegum próftíma skólans, þ. e. einu sinni á ári. Fyrri einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi, þegar nemandi tilkynnir um þátttöku í endurtekningarprófum.

Hafi nemandi við fyrstu tilraun fengið einkunnina 6 eða hærra í einstakri grein, er honum frjálst að láta þá einkunn gilda áfram.

Hafi námsefni breytt verulega, frá því að nemandi þreytti prófið hið fyrri sinn, má til samræmis gera sérstakar kröfur til nemandans á endurtekningarprófi.

## 18. gr.

## Úrbótapróf.

Úrbótapróf er nemandi aðeins heimilt að taka, hafi hann:

1. í undirbúningsdeild eða raungreinadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðtalskröfunum um 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 5,3.
2. í tæknadeild á 2. og 3. hluta fallið á meðaltalskröfunni 6.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
3. í meinataeknadeild á næstliðnu vorprófi fallið á meðaltalskröfunni um 5.0 hið lægsta, þó þannig að hann hafi náð a. m. k. 4,5.
4. í 1., 2. og 3. huta tæknifræðináms fallið á annarri eða báðum kröfunum um 6.0 hið lægsta að vegnu meðaltali úr öllum greinum og ekki lægri einkunn en 4 í einstakri grein, þó þannig að meðaltalið sé ekki undir 5,6, og í einstökum greinum má einkunn ekki vera lægri en svo:
  - a) einkunnin 3 má koma fyrir tvisvar sinnum,
  - b) einkunnin 2 má koma fyrir einu sinni, ef einkunnin 3 kemur ekki fyrir.
  - c) einkunnin 0 eða 1 má ekki koma fyrir.

Nemandi, sem heimilt er að taka úrbótapróf skv. framansögðu, tilkynni rektor um þátttöku með a. m. k. 4ra vikna fyrirvara. Einkunnir í viðkomandi greinum falla úr gildi, þegar nemandi tilkynnir um þátttöku í úrbótaprófi. Þessi próf má ekki halda fyrr en a. m. k. 6 vikur eru liðnar frá síðasta reglulega prófi, en venjulegur próftími er að hausti.

Sérstök úrbótapróf eru með þeim hætti, að hafi nemandi á næstliðnu prófi fengið einkunnina 3 til 7 í einstakri grein, án þess að falla á prófinu í heild, er honum heimil þátttaka í úrbótaprófi í þessum greinum, hafi af öðrum ástæðum verið ákveðið að halda prófin. Hjá þessum nemendum gildir hærri einkunnin.

## 19. gr.

## Prófskírteinin.

Nemandi, sem hefur staðizt öll áfangapróf í einni deild skólans fær prófskírteini, sem staðfestir árangur hans.

## 20. gr.

## Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 66/1972 um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi. Er með henni numin úr gildi reglugerð um Tækniskóla nr. 209 frá 22. ágúst 1964, svo og reglugerð um undirbúningsdeild undir tæknináms, nr. 210, frá sama degi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júní 1973.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## REGLUGERÐ

## um þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum.

## 1. gr.

Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum í Axarfirði er stofnaður með reglugerð þessari. Náttúruverndarráð fer með stjórn þjóðgarðsins, ræður þjóðgarðsvörð og annað starfslíð, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.